

Ed. 394. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. málsgr. 5. gr. laganna komi nýr másl., svo hljóðandi:

Þó getur sjóðsstjórnin veitt skipasmíðastöðvum lán til byggingar nýrra fiskiskipa innanlands gegn ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1960 var samþykkt heimild til handa ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

Með þessari samþykkt hefur Alþingi sýnt vilja sinn í að styðja að eðlilegri þróun skipasmíðastöðvanna með það fyrir augum að auka bátasmíðar innanlands. Samþykkt þessi ætti jafnframt að fela í sér þá tryggingu, að atvinna þeirra manna, sem skipasmíðar stunda, verði jafnari og öruggari en nú á sér stað, en á því er hin mesta nauðsyn. Eins og nú er háttað, er það víða svo, að einu verkefni skipasmíðastöðvanna eru hið árlega viðhald bátaflotans, sem verður að framkvæma á sem skemmstum tíma á milli vertíða. Það er því höfuðnauðsyn, að hver skipasmíðastöð hafi jafnan með höndum einhverja nýsmíði og tryggi með þeim hætti eðlilegt viðhald og aukningu skipaflotans í landinu og enn fremur samfellda vinnu þeirra manna, sem þessa atvinnugrein stunda.

Til þess að samþykkt sú, sem að framan getur, megi veita þá fyrirgreiðslu, sem til var ætlað, er nauðsynlegt, að gerð verði breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, svo sem lagt er til í frumvarpi þessu.